

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virzt mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom / Sveinbjörn Egilsson - P. C. Krossing 1820

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson - P. C. Krossing 1820

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Antwerpen 1540 / Breytt 1840 - Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Love me tender

George R. Poulton / Elvis Presley

Prestur: Séra Örn Bárður Jónsson

Organisti: Gunnar Gunnarsson

Kór: Sönghópur Fríkirkjunnar

Umsjón útfarar: Útfararstofa Kirkjugarðanna

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug.
Að athöfn lokinni er viðstöddum boðið að þiggja veitingar
í félagsheimilinu Garðaholti.*

Jarðsett verður í Garðakirkjugarði.

Minningarorðin verða birt á vefsíðunni: ornbardur.com



Árni Sigursteinn Haraldsson

Fæddur 29. júní 1944

Dáinn 19. maí 2014



Útför frá Garðakirkju
þriðjudaginn 27. maí 2014

Forspil

Ave Maria

F. Schubert

Bæn

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta,
á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
sprotti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

23. Davíðssálmur - Margrét Scheving

Ritningarlestur

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhnoss þú hljóta skalt.

Valdimar Briem - Þjóðlag frá Schlesiu / Breslau 1842

Guðspjall

Mér finnst ég varla heill né hálfur maður
og heldur ósjálfbjarga, því er ver.
Ef værir þú hjá mér vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir hjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja
að sumarið liður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um.
Gleymt okkur hjá blómunum.
Er rökkvar, ráðið stjörnu mál,
gengið saman hönd í hönd.
Hæglát farið nið'rá strönd.
Funduð stað, sameinað beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin.
Í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin.
Nú einn ég sit um vetrar kvöld.

Því eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir hjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja
að sumarið liður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn
hvort gangir þú um hliðið inn,
mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar.
Ég reyndar sé þig allsstaðar.
Þá napurt er það næðir hér og nístir mig.

Söknuður / Vilhjálmur Vilhjálmsson - Jóhann Helgason

Minningarorð

Þar sem englarnir syngja sefur þú,
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni,
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir, lífsins ljós,
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós,
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni,
þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hann með sól að morgni,
vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn, réttu sorgmæddri sál.
Svala líknarhönd
og slökk þú hjartans harmabál,
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni,
svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær.
Faðirinn mun þig geyma
um aldur og ævi þú verður mér nær,
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni,
svo vöknum við með sól að morgni.

Svo vöknum við með sól að morgni,
svo vöknum við með sól að morgni.

Kveðja / Bubbi Morthens

Bæn – Faðir vor